

AUGLÝSING

um komu- og brottfararstaði.

Ákveðið hefur verið að brottför úr landi og koma til landsins skuli heimil um eftirtaldar hafnir og flugvelli:

I. Hafnir:

Reykjavík
Akranes
Patreksfjörður
Ísafjörður
Sauðárkrókur
Siglufjörður
Akureyri
Húsavík
Seyðisfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Vestmannaeyjar
Þorlákshöfn
Keflavík
Hafnarfjörður

II. Flugvellir:

Reykjavíkurflugvöllur
Ísafjarðarflugvöllur
Sauðárkróksflugvöllur
Akureyrarflugvöllur
Egilsstaðaflugvöllur
Hornafjarðarflugvöllur
Vestmannaeyjaflugvöllur
Keflavíkflugvöllur

Auglýsing þessi sem gefin er út samkvæmt 3. gr. reglugerðar um íslensk vegabréf, nr. 169 22. apríl 1987, og 17. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, nr. 148 3. september 1965, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um komu- og brottfararstaði fyrir útlendinga hér á landi, nr. 203 1. nóvember 1965.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júní 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1987.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann er stofnaður af Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund með gjafabréfi dags. 28. desember 1982 í tilefni af 60 ára

afmæli þess til minningar um stofnendur þess, Sigurbjörn Á. Gíslason, cand. theol., Flosa Sigurðsson, trésmíðameistara, Harald Sigurðsson, verslunarmann, Júlíus Árnason, kaupmann og Pál Jónsson, verslunarstjóra; ennfremur þá séra Halldór Jónsson, prófast á Hofi, Vopnafirði, séra Lárus Halldórsson, fríkirkjuprest, og séra Pál Þórðarson, prest í Njarðvík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000. Stofnféð skal ekki skerða, og fyrstu fimm árin skal helmingur vaxta og verðbóta lagður við höfuðstólinn.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við framlögum, gjöfum og áheitum, og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar starfsemi Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar Guðfræðistofnunar. Auk þess má til nefna fyrirlestrahald og námsstefnur, heimboð erlendra gesta og greiðslu ferðapeninga til kennara guðfræðideildar og hvaðeina, sem verða má að gagni fyrir starfsemi stofnunarinnar á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn Guðfræðistofnunar er jafnframt stjórn sjóðsins og tekur allar ákvarðanir varðandi val verkefna og ráðstöfun tekna.

6. gr.

Háskóli Íslands annast um varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Háskóla Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins
í Norður-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing
í Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, frá 5. júní 1987 varðandi tillögur yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að haldið verði eitt manntalsþing í Norður-Ísafjarðarsýslu.